

Nd.

360. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12 jan. 1884.

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Skyldur er eigandi að láta bæjarhús fylgja jörð, þau sem nauðsynleg eru til ábúðar á henni. Húsin skulu vera nægilega loftgóð og hlý og í viðunandi standi og að stærð við hæfi jarðarinnar allt eftir mati og áliti úttektarmanna. Ef húsin fullnægja eigi þessum skilyrðum, skal jarðeiganda skylt að gera á eigin kostnað þær umbætur, sem þörf er á.

Ef kúgildi fylgja jörð, skal eigandi láta fylgja hús yfir þau, en er kúgildi hverfa af jörðinni, skal hann laus undan kvöð um peningshús.

Þá er lög þessi eru gengin í gildi og jörð er tekin út næsta sinn þar á eftir, skal eigandi taka við álagi, en vera síðan undir þeirri húsakvöð, sem þessi grein leggur honum á herðar.

2. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:

Leiguliði skal á eigin kostnað halda við húsum þeim, er hann tekur við, svo að þau rýrni eigi að öðru en fyrningu.

Landsdrottinn getur látið úttektarmenn meta, hvort leiguliði geri skyldu sína í þessu. Kostnað af þeirri skoðunargerð greiði landsdrottinn, ef matið verður leiguliða í vil, en ella greiði leiguliði að hálfu.

Kveði eigi mikið að vanhirðu á húsum, má leiguliði koma fyrir sig fje-bótum eftir mati, en vera skal hann rjettrækur af jörð, ef mikil brögð eru að. Hnígur það undir úrskurð úttektarmanna.

3. Bæta skal inni svohljóðandi greinum:

6. grein.

Leiguliði getur kvatt úttektarmenn til úrskurðar um, hvort bæjarhús jarðar sje svo sem til er skilið í 4. gr., og skulu þá úttektarmenn leita álots hjeraðs-

læknis þar um, ef hvorugur málsaðili hefir gert það. Bresti nokkuð á, fer um endurbætur eftir 4. gr.

Kostnað ber sá, sem úrskurður gengur í móti.

7. gr.

Mati og úrskurði má skjóta til yfirúttektarmanna. Gjöld skulu vera hin sömu sem við úttekt jarða.

8. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki eða öðru því, er leiguliða verður eigi gefin sök á, þá geri hann landsdrotni orð eða umboðsmanni hans, og er leiguliða heimilt að krefjast skoðunar á skemdunum. Ef eigandi bætir skemdir á fyrsta leiguári eftir, skal hann einskis í missa af landskuld, en ef hann bætir þá eigi, eða skemdir eru meiri en svo, að bættar verði í bráð, skal meta, hve miklum hluta landskuldar það nemi ár hvert um tiltekinn tíma. Á sami leiguliði þá heimting á að landskuld lækki um það alla þá stund sem matið nær til.

4. Greinatala frumvarpsins breytist eftir þessu.

5. Við 8. gr. Greinina skal orða svo:

Numin eru úr lögum ákvæði 2. gr., 6. gr. og 20. greinar í lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884, svo og ákvæði 15. gr. sömu laga um fyrning húsa og enn 16. og 17. gr. þeirra laga, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.